

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 09.11.2022

Áskorun: Samræmd nemendaskráning, nemendagrunnur	2
Birting í stafrænu pósthólfu - island.is	4
Umræður	7

Verkefnaráðsfundur 09.11.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 09.11.2022
Dagsetning 09.11.2022	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Friðþjófur Bergman, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson,	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

1. Áskorun: Nemendagrunnur- samtal við Barna- og menntamálaráðuneytið
2. Birting í stafrænu pósthólfi - island.is
3. Önnur mál

Áskorun: Samræmd nemendaskráning, nemendagrunnur

- samtal við Barna- og menntamálaráðuneytið

Reykjavíkurborg heldur utan um upplýsingarnar um börn í skólum borgarinnar. Þær upplýsingar eru eftirfarandi: Nafn, kennitala, skóli og bekkjarárgangur. Við innritun grunnskóla barna í 1. bekk eru settar inn upplýsingar um hverfissskóla barns og „loka-vals“skóla. Síðastliðið vor kom fram hugmynd um samræmda nemendaskráningu fyrir börn í öllum bekkjum grunnskóla, þ.e.a.s. að einnig yrðu settar inn upplýsingar um hverfissskóla hjá börnum í 2. – 10. bekk. Það myndi gera okkur kleyft að halda m.a. utanum skólasögu barna sem fara á milli grunnskóla. Ákveðið hefur verið að nota vinnuheitið „borgarnemendaskrá“ yfir þessi gögn.

Ríkið er að skoða hvernig þau geta safnað sömu gögnum um öll börnin í landinu inn í nemendaskrá, tvær hugmyndir komu upp varðandi þetta.

Að gögn barna í skólum Reykjavíkurbarna yrðu send með vefþjónustu inn í nemendaskrá ríkisins, þegar hún yrði búin til.

Þá kom upp sú hugmynd að ríkið myndi kaupa/greiða fyrir aðgang og bæta öllum sveitarfélögum landsins inn í þann gagnagrunn sem Reykjavíkurborg er að nota, þ.e.a.s. „borgarnemendaskrá“. Þessi hugmynd er einungis á frumstigi og ríkið er upplýst um að huga þyrfti að rekstrinum, uppfærslu, aðgengi o.s.frv. sem og að finna yrði einhverskonar útfærslu sem myndi henta hvað varðar þetta mögulega samstarf/kaup.

Ljóst er að það eru samlegðaráhrif á milli okkar vinnu og Barna og – menntamálaráðuneytisins hvað varðar grunnskólaínnritun og söfnun okkar á gögnum um í hvaða skóla og í hvaða árgangi börnin í borginni eru.

Ráðuneytið sér þessi samlegðar áhrif og óskar eftir viðræðum um hvernig ráðuneytið gæti komið inn í verkefnið/vöruna. Þá er ríkið búið að ákveða að leggja fjármagn í framkvæmd gagnagrunn sem myndi þjóna landinu í heild sinni.

Mikill akkur yrði fyrir borgina ef komið yrði upp gagnagrunni sem myndi þjóna landinu í heild sinni. Þá væri m.a. hægt að sjá úr hvaða skólum börn eru að koma, ef þau búa utan borgarinnar. Þá er Barna- og fjölskyldustofa að þróa sambærilegt barnaverndarkerfi svo samlegðaráhrifin gætu verið jafnvel viðameiri.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Þjónustu- og nýsköpunarráð (PON) vill hefja viðræður við ríkið, Barna- og menntamálaráðuneytið um mögulegt samstaf um umrætt verkefni.

Beðið er eftir formlegri beiði um viðræður af hálfu ríkisins og mun skrifstofa sviðstjóra móttaka beiðnina og setja hana í viðeigandi ferli.

Skrifstofustjóri skrifstofu sviðstjóra PON mun móttaka beiðnina og vinna hana með lögfræðingum borgarinnar. Lagt er til að í framhaldi verði fenginn inn verkefnastjóri sem myndi halda utan um samningsferlið sem og framgang verkefnisins, ef að samstafi kæmi.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Þjónustu- og nýsköpunarráð (PON) vill hefja viðræður við ríkið, Barna- og menntamálaráðuneytið um mögulegt samstaf um umrætt verkefni.
2	Skrifstofustjóri skrifstofu sviðstjóra PON mun móttaka beiðnina og vinna hana með lögfræðingum borgarinnar.
3	Lagt er til að í framhaldi verði fenginn inn verkefnastjóri sem myndi halda utan um samningsferlið sem og framgang verkefnisins, ef að samstafi kæmi.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Skrifstofustjóri skrifstofu sviðstjóra PON mun hafa samband við tengilið borgarinnar hjá Barna- og menntamálaráðuneytið	EJ	
2	Skrifstofustjóri skrifstofu sviðstjóra PON mun móttaka beiðnina og vinna hana með lögfræðingum borgarinnar.	EJ	
3	Óskað er eftir verkefnastjóra sem myndi halda utan um samningsferlið sem og framgang verkefnisins, ef að samstafi kæmi.	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Birting í stafrænu pósthólfi - island.is

Erindi kemur inn til verkefnaráðs, frá lögfræði teymi PON, í kjölfar þessa að lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda voru samþykkt þann 25. júní 2021.

[Áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga í stafrænu pósthólfi](#) var samþykkt af hálfu löggjafans samhliða lagabreytingunni. Þar er gert ráð fyrir því að sveitarfélög sem þegar hafa hafið innleiðingu, klári hana fyrir lok árs 2022. Það er þó tekið fram í umræddri áætlun að þetta er ekki ófrávikjanleg krafa og lágmarks framkvæmd af hálfu Reykjavíkurborgar er að sýna fram á að innleiðing sé hafin á stafrænni birtingu gagna af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga í stafrænu pósthólfi.

Þó svo að formleg vinna við að birta allar stjórnvaldsákvæðanir Reykjavíkurborgar hefur ekki verið hafin þá er borgin byrjuð að birta gögn í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, island.is.

Í dag er stafræna pósthólf Reykjavíkurborgar gagnagrunnur og er hluti af gagna-högun borgarinnar þar sem nú þegar svarbréf og önnur skjöl eru vistuð.

Þegar borgarbúi skráir sig síðan inn á island.is og opnar pósthólfið sitt þá birtast honum þau svarbréf og skjöl sem skrá hafa verið í stafræna pósthólf Reykjavíkurborgar. Island.is (stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda) er því í þessu samhengi einungis birtingaraðili á gögnin úr stafræna pósthólfi Reykjavíkurborgar.

Þar eru ekki mörg skjöl birt í dag, en þar eru launaseðlar, sektir frá bílastæðasjóði ásamt einstaka öðrum skjölum.

Ljóst er að Reykjavíkurborg þarf að birta fleiri gögn og ákvæðanir sem varða notendur inn á stafrænu í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda sem þýðir að setja fleiri gögn í stafræna pósthólf Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg þarf að sýna fram á framgang og birtingaáætlun á gögnum í umræddri gátt.

Búið er að halda fyrsta fund með verkefnastjóra innleiðingar hjá Ísland.is sem fulltrúar Reykjavíkurborgar sóttu. Þar var staða innleiðingarinnar kynnt og sett af stað samstarf eftir þörfum. Þennan fund sátu fulltrúar umbreytingarteymis PON, skrifstofustjóri sviðstjóra fyrir hönd lögfræðinga PON og teymistjóri stafrænna leiðtoga.

Nú hefur framleiðandi umbreytingarteymis PON lagt fram tillögur að bæði gagnalegum hluta og tæknilega hluta verkefnisins:

Gagnalegi hlutinn

- Að lögfræðingar PON haldi áfram vinnu sem snýr að umfangi á birtingu gagna þvert á borgina. Sú vinna er lögfræðilegs eðlis og þarf að eiga sér stað í samvinnu við lögfræðiteymi allra sviða og skrifstofa borgarinnar.
- Greina hvaða ákvæðanir og tilkynningar eru mikilvægastar og forgangsraða.

Tæknilegi hlutinn

- Að sú vinna verði hafin þegar verkefnastjóri kemur inn í verkefnið en nú þegar er ljóst að um er að ræða lausn/verkefni sem er í tvennu lagi:
- Að tengja bakenda/úrvinnslukerfi við vefþjónustu stafræna pósthólfsins eins og hægt er. Þetta byggist á getur kerfanna til samskipta við önnur kerfi.
- Búa til viðbætur við kerfi sem eru í virkni
- tryggja að það verði staðlað í allri þróun sem er í gangi núna og hér eftir.
- Að búa til viðmót þar sem hægt er að hlaða inn bréfi og skrá það á íbúa/fyrirtæki í borginni .
- [Til skemmri tíma - Almenn lausn] Smíða nýtt viðmót
- [Til lengri tíma] Tengja Hlöðuna við pósthólfið þannig að bréf sem skilað er sem svör í Hlöðuna séu sjálfkrafa lesin úr Hlöðunni yfir í pósthólfið.

Beiðni til verkefnaráðs

Óskað eftir fjármagni í formi vinnuframlags starfsmanna og tæknileg greiningar sem og síðar útfærslu þ.e.a.s. bæði í utanumhald og framkvæmd.

Framleiðandi bendir á að nákvæmt umfang verkefnisins er óljóst á þessum tímapunkti.

Þá er lagt til að þegar verkefnastjóri kemur inn í verkefnið verði farið í ítarlega greiningu, bæði hvað lítur að gagna hluta þess sem og tæknilega hlutanum.

Framleiðandi tekur fram að öllum líkindum að þurfi að skipta verkefninu upp í fasa til lengri tíma. Þá þyrfti að fara í reglulegt átak og viðhald en samkvæmt áætlun ætti að ljúka ekki síðar en í lok ársins 2025.

Framleiðandi leggur til að þegar verkefnastjóri hefji vinnslu verkefnisins þá verði byrjað á að svara m.a. eftirfarandi spurningum:

- Er þetta vara, hver á hana?
- Hver er þörfin fyrir skammtímalausn, til að koma gögnum í birtingu
- Hver er þörfin fyrir langtímalausn, til að koma gögnum í birtingu
- Flokkun og ákvörðun um hvaða gögn frá sviðum borgarinnar á að birta

Framleiðandi sem leggur malið fyrir verkefnaráð telur ljóst að einhver bið verði að fá verkefnastjóra inn í verkefnið. Skráð er því sú tillaga að lögfræðingar ÞON leiði verkefnið hvað lítur að gagnahlutanum og þegar verkefnastjóri kemur inn þá fari verkefnið inn í vinnslu hjá teyrum ÞON.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Innleiðing stafrænt pósthólf - island.is ÞON 4 2 5 5 5 4 3.93

Niðurstaða Verkefnaráðs:

Ákveðið að lögfræðingar ÞON haldi áfram vinnu sem snýr að umfangi á birtingu gagna þvert á borgina. Lagt er til að skrifstofustjóri skrifstofu sviðstjóra verði upplýstur um framgang verkefnisins sem og teymisstjóri lögfræðinga á ÞON

Ákveðið að þegar verkefnastjóri fæst í verkefnið, sem vonast er til að verði á fyrri hluta ársins 2023, verð vinna lögfræðingana tekin inn í verkefnið og það sett í greiningu og síðar í fulla vinnslu hjá umbreytingarteymi ÞON.

Verkefnaráð leggur áherslu á gögn sem eru í stafrænu pósthólfi Reykjavíkurborgar séu einnig birt á Mínum Síðum Reykjavíkurborgar en ekki bara á island.is, miðlægre þjónustugátt stjórnvalda.

Megin áhersla Reykjavíkurborgar er að koma gögnum í stafrænt pósthólf Reykjavíkurborgar og birta á mínum síðum borgarinnar en þó á sama tíma er mikilvægt að uppfylla ákvæði reglugerðar um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga í stafrænu pósthólfi.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir að verkefnið fari af stað og langt til að það fari í framkvæmd sem fyrst.
2	Lögfræðingar ÞON halda áfram vinnu sem snýr að birtingu gagna þvert á borgin
3	Verkefnastjóri fenginn inn í verkefnið

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
-----	--------	--------------	-------

1-2	Verkefnaráðsstjóri upplýsir skrifstofustjóra skrifstofu sviðsstjóra PON og teymisstjóra lögfræðiteymis PON um niðurstöðu verkefnaráðs	EJ	
3	Verkefnaráðsstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu fundar	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Umræður

Engar aðrar umræður

Næsti fundur

Næsti fundur, óákveðinn. Fundað eftir þörfum

Aftur í efnisyfirlit

ÁSETNINGUR

Fjárhagsleg ákvarðanataka um verkefni. Gangsetja eða stöðva verkefni. Ákvarðanataka um verkefni í vanda. Stuðningur, opin eyru og hugur.

ÆSKILEG ÚTKOMA

Ákvarðanir um verkefni sviðsins sem þörf er á að taka. Stuðningur við þau sem til okkar leita. Allir upplýstir og samstilltir.

DAGSKRÁ

10:00 - 10:05 Uppstilling og yfirferð

10:05 - 10:20 Samvinna við ráðuneyti - samræmd nemendaskráning

10:20-10:35 Umræður

10:35 - 10:50 Innleiðing stafrænt pósthólf - island.is

10:50 - 11:00 Umræður

11:00 Fundi slitið

REGLUR

Við erum á staðnum. Við hlustum og deilum ef upp kemur ágreiningur. Sviðsstjóri hefur tvö atkvæði. Við horfum gagnrýnum augum á ferlið.

HLUTVERK

Meðlimir verkefnaráðs taka ákvarðanir í sameiningu. Auðveldari leggur upp ákvarðanir, spyr spurninga og miðlar niðurstöðum. Gestir deila af valinkunninni snilld og sækja ákvarðanir eða stuðning.

TÍMI 08.11.2022 kl. 10:00-11:00

Þátttakendur:

Próstur, Óskar, Arna, Friðþjófur, Edda, Ásta,